

Ed.

246. Frumvarp til laga

[123. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Til íslenkra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskausum, verkuðum og óverkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum, frystum humar og frystum rækjum.  
Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 4.2% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.
3. 6% gjald af fob-verði greiðist af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfámjöli, karfalýsi, heilfrystri sild, frystum sildarflökum, saltsíld, loðnumjöli, loðnulýsi, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
4. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna.
5. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum og heldur ekki vörum frá selveiðum.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. marz 1966:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðgjafi setur	73.4 %
2. Til Fiskveiðisjóðs Íslands	17.2 %
3. Til Fiskimálasjóðs	5.9 %
4. Til byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins	1.17 %
5. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.53 %
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.8 %

4. gr.

Gjald skv. 2.—4. tl. 2. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar cif eða

með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til fob-verðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 2.—4. tl. 2. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru, nema annað sannist.

Gjald skv. 1. tl. 2. gr. miðast við nettóþunga hinnar seldu vöru.

#### 5. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs þar, sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skipið leggur frá landi.

#### 6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum svo og útflutningsleyfi, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

#### 7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjöldum.

#### 8. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

#### 9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

#### 10. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta gjald til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins samkvæmt 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962 og gjald til Ferskfiskeftirlits samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, af vörum, sem taldar eru í 1. tölulíð 2. gr. þessara laga, sem magngjald.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1966. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 66 25. júní 1957, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og lög nr. 1 31. jan. 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af sildarlýsi, sildarmjöli og sildarsoðkjarna af framleiðslu ársins 1965 skal til 30. júní 1966 vera 6% af fob-verði afurða.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkomulag um verðákvörðun á holfiski á vetrarvertíð 1966 náðist ekki í Verðlagsráði sjávarútvegsins, og var verðákvörðun vísað til yfirnefndar. Það kom fram bæði í verðlagsráði og yfirnefnd, að vegna erlendra verðhækkana og umbóta í rekstri sæju fiskvinnslustöðvar sér fært að hækka fiskverð verulega, þrátt fyrir mikla hækkun launakostnaðar á árinu 1965. Yfirnefndin var hins vegar þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að hækka fiskverðið enn meira en fiskvinnslustöðvar sáu sér fært, til þess að bátum væru tryggð eðlileg rekstrarskilyrði á þorskveiðum og sjómönnum, er þessar veiðar stunda, eðlileg lífskjör samanborið við aðra. Athugaði nefndin því aðrar leiðir til þess að þetta markmið gæti náðst og hafði í því efni samráð við ríkisstjórnina. Varð niðurstaðan sú, að á fundi yfirnefndar þann 6. janúar s. l. var samþykkt tillaga frá oddamanni nefndarinnar, er fól það í sér, að meðalverð á ferskfiski hækkaði um 17% frá því, sem var á s. l. ári. Þessi hækkun var þó háð því skilyrði, að breyting yrði á útflutningsgjaldi þannig, að það miðaðist ekki lengur við verðmæti, heldur ákveðna krónuupphæð á magneiningu, er yrði yfirleitt sú sama fyrir allar afurðir. Útflutningsgjaldinu væri enn fremur breytt þannig, að jafnvirði framlags til Fiskveiðasjóðs, er greitt hefur verið af þorskafurðum, greiddist framvegis af sildarlýsi og sildarmjöli. Áætlaði yfirnefndin, að þessar breytingar, er hún lagði til að gerðar yrðu á útflutningsgjaldinu leiddu til lækkunar gjalds á þorskafurðum og hækkunar gjalds á sildarlýsi og sildarmjöli um nálægt því 40 millj. kr., og myndu þær jafnframt svara til um 4% meðalhækkunar fiskverðs. Ríkisstjórnin lýsti því yfir að lokinni ákvörðun yfirnefndar, að hún myndi beita sér fyrir því við Alþingi, að þær breytingar yrðu gerðar á lögum um útflutningsgjald, er ákvörðun yfirnefndar gerði ráð fyrir, og er þetta frumvarp flutt í því skyni.

Það fyrirkomulag útflutningsgjalda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo og upphæð gjaldanna, eru í meginatriðum í samræmi við þær hugmyndir, sem ræddar voru í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins og ákvörðun fiskverðsins byggðist á. Nánari athuganir, er ekki vannst tími til að framkvæma meðan nefndin sat að störfum, hafa þó leitt til þess, að í einstökum atriðum gerir frumvarpið ráð fyrir nokkuð öðru fyrirkomulagi en nefndin upphaflega hafði hugsað sér. Um allar þessar breytingar hefur verið haft samráð við þá aðila, er fulltrúa áttu í nefndinni. Aðalbreypingin er fólgin í því, að ekki hefur þótt hagkvæmt að láta magngjald gilda um allar vörur, og er nú lagt til, að magngjald gildi eingöngu um freðfiskflök, saltfisk og skreið, en verðmætisgjald verði eftir sem áður á öllum sildarafurðum, ísvörðum fiski, heilfrystum fiski, fiskúrgangi, fiskmjöli og lýsi. Verðmætisgjald á þessum vörum er þó jafnframt ákveðið þannig, að það verði svipað að upphæð og magngjaldið hefði orðið.

Á undanförunum árum hafa útflytjendur freðfisks, saltfisks og skreiðar hvað

eftir annað óskað þess, að útflutningsgjaldi á þessum vörum yrði breytt í magngjald. Hafa þeir réttilega bent á, að verðmætisgjald legðist með miklum þunga á þær vörur, sem mest eru unnar og verðmætastar á hverja þungaeiningu. Verðmætisgjaldið drægi því beinlínis úr áhuga útflytjenda á aukinni vinnslu, t. d. á framleiðslu fisks í neytendaumbúðum. Þar sem tekjur af útflutningsgjaldi ganga svo til eingöngu til greiðslu útgjalda vegna fiskveiðiflotans, er eðlilegast að útflutningsgjaldið leggist á verðmæti hráefnis en ekki á verðmæti fullunninnar vöru. Það er hins vegar ekki framkvæmanlegt að miða gjaldið við verðmæti hráefnis, og er því í staðinn í þessu frumvarpi farin sú leið, að gjald sé lagt á hverja magneiningu hinnar útfluttu vöru. Verður gjaldið þeim mun lægra í hlutfalli við verðmæti, sem varan er verðmeiri, en því hærra í hlutfalli við verðmæti sem varan er verðminni. Auðséð er, að með þessu móti mundi gjald á vörum, sem eru mjög ódýrar miðað við þungaeiningu, geta orðið of hátt. Gildir þetta t. d. um fiskúrgang og heilfrystan fisk. Er því í þessu frumvarpi lagt til, að þessar vörur ásamt söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum greiði áfram hið sama verðmætisgjald og áður, 4.2%. Enn fremur er í frumvarpinu almennt ákvæði þess efnis, að engin afurð skuli greiða hærra gjald af magni en hún hefði áður greitt af verðmæti.

Þeir kostir magngjalds, sem eiga við um freðfisk, saltfisk og skreið, og lýst hefur verið hér að framan, eiga hins vegar ekki við um aðrar sjávarafurðir. Þvert á móti hefur magngjald á þessum afurðum ýmiss konar annmarka. Þannig myndu t. d. miklar verðbreytingar, en þær eiga sér oft stað á þessum afurðum, geta leitt til þess, að gjaldið yrði óeðlilega hátt eða óeðlilega lágt samanborið við verðmæti. Að athuguðu máli hefur því verið talið heppilegra að halda verðmætisgjaldi á síldar-afurðum, ísvörðum fiski, fiskmjöli og lýsi. Á hinn bóginn er lagt til, að verðmætisgjald á þessum vörum verði nú ákveðið þannig, að miðað við núgildandi verðlag gefi það um það bil hið sama í aðra hönd og magngjald, er ákveðið hefði verið í samræmi við samþykkt yfirnefndar. Er því lagt til í frumvarpinu, að verðmætisgjald af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorska- og karfalýsi, loðnumjöli, og -lýsi, hvallýsi, hvalmjöli og hvalkjöti, frystri síld og saltsíld verði óbreytt frá því sem nú er, þ. e. 6%. Hins vegar er lagt til, að verðmætisgjald á síldarmjöli og síldarlýsi hækki um 2%, eða úr 6% í 8%. Svarar þessi hækkun til þeirrar lækkunar á gjaldi þorskafurða, er magngjaldið hefur í för með sér.

Á undanförunum árum hafa niðursoðnar og niðurlagðar vörur greitt 2% útflutningsgjald. Rétt þykir, að þetta gjald falli nú niður með öllu. Svarar það um það bil til þeirrar lækkunar útflutningsgjalda, er verður á freðfiski, saltfiski og skreið.

Sú tilfærsla á útflutningsgjaldi á milli afurða, sem yfirnefnd Verðlagsráðs gerði ráð fyrir í tillögum sínum, var eins og að framan greinir, um 40 millj. kr. Meðfylgjandi tafla sýnir þá tilfærslu, er leiða mundi af þeim tillögum, sem í þessu frumvarpi felast. Er hún um 38 millj. kr. miðað við útflutningsframleiðslu ársins 1965.

Jafnframt þeim breytingum á útflutningsgjaldi, sem að framan hefur verið lýst, gerir þetta frumvarp ráð fyrir nokkrum breytingum á fyrirkomulagi innheimtu, sem eiga að gera hana einfaldari og öruggari. Er lagt til að gjaldið verði nú greitt að fullu við tollafgreiðslu, en heimild til þess að greiða tvo þriðju hluta þess við gjaldeyrisskil verði felld niður. Mjög hefur reynzt erfitt að framkvæma þessa tvískiptingu greiðslunnar, og nota fáir útflytjendur sér þessa heimild nú orðið. Eru samtök útflytjenda samþykkt þessari breytingu. Þá er lagt til, að breyting gjaldsins taki gildi gagnvart öllum vörum, sem fluttar verða úr landi frá og með 1. marz 1966, án tillits til þess, hvenær þær hafi verið framleiddar. Gerir þetta framkvæmd breytingarinnar miklu einfaldari en verið hefur áður, þegar breytingar hafa verið miðaðar við framleiðslutímabil. Vegna þess að verulegar birgðir munu væntanlega verða í landinu þann 1. marz af síldarlýsi og síldarmjöli, sem framleitt var á s. l. ári, hefur þó verið talið nauðsynlegt að hafa í frumvarpinu ákvæði, er undanþiggi þessar birgðir hækkun útflutningsgjaldsins.

Áætlaðar breytingar á útflutningsgjaldi sjávarafurða.<sup>1)</sup>

	Núgildandi útflutningsgjald		Fyrirhugað útflutningsgjald		
	M. kr.	Útfl.gj. i % af útfl. verðmæti	Útfl.gj. m. kr.	Útfl.gj i % af útfl. verðmæti	Tilfærsla miðað við núgild. útfl.gj. m. kr.
<b>I. flokkur</b>					
(magngjald 530 kr. á tonn):					
1. Freðfiskflök .....	42.1	—	22.6	2.3	÷ 19.5
2. Skreið .....	10.5	—	4.0	1.6	÷ 6.5
3. Saltfiskur, verkaður .	1.3	—	0.8	2.6	÷ 0.5
4. Saltfiskur, óverkaður	19.6	—	14.6	3.1	÷ 5.0
5. Saltfiskflök .....	1.5	—	1.0	3.0	÷ 0.5
6. Hrogn, fryst .....	1.6	—	1.3	3.3	÷ 0.3
7. Humar, frystur .....	4.9	—	0.4	0.3	÷ 4.5
8. Rækjur, frystar .....	0.6	—	0.1	0.7	÷ 0.5
<b>Alls</b>	<b>82.1</b>	<b>4.2</b>	<b>44.8</b>	<b>2.3</b>	<b>÷ 37.3</b>
<b>II. flokkur</b>					
(4.2% verðmætisgjald):					
1. Heilfrystur fiskur ..	3.5	—	3.5	—	—
2. Fiskúrgangur, frystur	1.4	—	1.4	—	—
3. Þunnildi, söltuð .....	0.8	—	0.8	—	—
4. Hrogn, söltuð .....	2.0	—	2.0	—	—
<b>Alls</b>	<b>7.7</b>	<b>4.2</b>	<b>7.7</b>	<b>4.2</b>	<b>—</b>
<b>III. flokkur</b>					
(6% verðmætisgjald):					
1. Ísvarinn fiskur .....	10.7	—	—	—	—
2. Fiskmjöl .....	9.3	—	—	—	—
3. Þorskalýsi .....	5.0	—	—	—	—
4. Karfamjöl .....	1.6	—	—	—	—
5. Karfalýsi .....	0.6	—	—	—	—
6. Freðsild .....	9.3	—	—	—	—
7. Saltsild .....	33.7	—	—	—	—
8. Loðnumjöl .....	2.8	—	—	—	—
9. Loðnulýsi .....	0.4	—	—	—	—
10. Hvallýsi .....	1.5	—	—	—	—
11. Hvalmjöl .....	0.7	—	—	—	—
12. Hvalkjöt, fryst .....	1.7	—	—	—	—
<b>Alls</b>	<b>77.3</b>	<b>6.0</b>	<b>77.3</b>	<b>6.0</b>	<b>—</b>
<b>IV. flokkur</b>					
(8% verðmætisgjald):					
1. Sildarmjöl .....	68.2	—	90.9	8.0	22.7
2. Sildarlýsi .....	45.1	—	60.1	8.0	15.0
<b>Alls</b>	<b>113.3</b>	<b>6.0</b>	<b>151.0</b>	<b>8.0</b>	<b>37.7</b>
<b>Samtals:</b>	<b>280.4</b>	<b>5.3</b>	<b>280.8</b>	<b>5.3</b>	<b>0.4</b>

1) Miðað er við áætlaða útflutningsframleiðslu ársins 1965.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:*

Um 1. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 1. gr. laga nr. 66/1957, þó þannig, að ákvæði um hundraðshluta útflutningsgjalds af fob-verði eins og þessi hundraðshluti er ákveðinn með 3. gr. laga nr. 1/1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., er flutt í 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Eins og rakið hefur verið í almennu greinargerðinni hér að framan, eru gerðar þær breytingar á útflutningsgjaldi, að verðmætisgjald af sildarafurðum er hækkað úr 6% í 8%, en útflutningsgjaldi af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhásum, verkuðum og óverkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrögnum, frystum humar og frystum rækjum er breytt í magngjald, sem nemur kr 530.00 á hvert útflutt tonn. Um rökstuðning fyrir þessari ráðstöfun vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Þá er gerð sú breyting með þessari grein frá núgildandi ákvæðum, að útflutningsgjald er fellt niður af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarvörum og enn fremur er útflutningsgjald fellt niður af vörum frá selveiðum. Er upplýst í því sambandi, að selskinn eru meðhöndluð sem landbúnaðarvara gagnvart álögðum gjöldum í Búnaðarmálasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins og þykir rökréttara að svo sé eins og selveiðum hér á landi er háttað.

Aðrar breytingar eru ekki gerðar á útflutningsgjaldi frá því sem gilt hefur samkvæmt 3. gr. laga nr. 1/1964, sem fyrr var vísað til.

Eins og fram hefur verið tekið hér að ofan, er fellt niður ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1964, þar sem útflytjendum er heimilað að greiða þriðjung útflutningsgjalds um leið og útflutningskjöl eru afgreidd, en  $\frac{2}{3}$  hluta gjaldsins við gjaldeyriskil. Var upplýst í þessu sambandi, að fáir útflytjendur hafa í seinni tíð notað sér þessa heimild og þykir vera til einföldunar á innheimtu, að þessi heimild sé fellt niður.

Um 3. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma ákvæði, sem svara til 4. mgr. 3. gr. laganna nr. 1/1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., þar sem kveðið er á um skiptingu tekna af útflutningsgjaldi. Þessi skipting er óbreytt í frumvarpinu frá því sem verið hefur í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 3. gr. laga nr. 66/1957. Verðmætisgjald samkvæmt 2.—4. tölulið 2. gr. frumvarpsins miðast eins og áður við fob-verð varanna, en gert er ráð fyrir að viðskiptaráðuneytið setji reglu um, hvernig vöruverð skuli umreiknað til fob-verðs, ef vörurnar eru seldar með öðrum skilmálum, cif, cf o. s. frv.

Þá er gerð sú breyting, að fellt er niður ákvæði um að innheimtumaður skuli ákveða gjald af vörunum, ef þær eru sendar óseldar en þess í stað tekið upp ákvæði um, að gjaldstofn útflutningsgjaldsins skuli miðast við lágmarksverð, sem tilgreint er í útflutningsleyfi fyrir vörunni. Vísast því efni til ákvæðis í 6. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að útflutningsleyfi fylgi öðrum útflutningskjöllum til innheimtumanns.

Loks er í 4. gr. ákvæði um, að gjald samkvæmt 4. tölulið 2. gr. frumvarpsins miðist við nettopunga hinnar seldu vöru.

5.—10. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 11. gr.

Eins og nú standa sakir eru innheimt þrenns konar gjöld af útfluttum sjávarvörum. Í fyrsta lagi útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 66/1957, sbr. 3. gr. laga

nr. 1/1964, í öðru lagi aflatryggingasjóðsgjald samkvæmt 9. gr. laga nr. 77/1962 og í þriðja lagi gjald til Ferskfiskeftirlits samkvæmt 7. gr. laga nr. 42/1960.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir heimild til að innheimta gjald til Aflatryggingarsjóðs, sem er 1.25% af útflutningsverðmæti og gjald til Ferskfiskeftirlits, sem er 0.15% af útflutningsverðmæti, af vörum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið 2. gr. frumvarpsins, þ. e. freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhausum, verkuðum og óverkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum, frystum humar, og frystum rækjum, sem magngjald.

Heimild þessi er tekin upp, til þess að unnt sé að samræma útreikning og innheimtu útflutningsgjalds, aflatryggingasjóðsgjalds og ferskfiskeftirlitsgjalds, ef hentara þykir í framtíðinni.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

*Um ákvæði til bráðabirgða.*

Um skýringar á þessu ákvæði vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan. Þykir ekki fært að innheimta hið hækkaða útflutningsgjald af sildarafurðum af framleiðslu ársins 1965, jafnvel þótt þær hafi ekki verið fluttar út fyrir gildistöku þessara laga. Í ákvæðinu er þó gert ráð fyrir, að frestur til að flytja út umræddar sildarafurðir með því útflutningsgjaldi, sem nú er í gildi, standi ekki lengur en til 30. júní n. k.